



Lundarskóli
Ábyrgð – virðing – vellíðan

Lundarskóli janúar 2018

Ágætu foreldrar/forráðamenn nemenda í Lundarskóla

Nemenda- og foreldraviðtöl verða **miðvikudaginn 28. febrúar** Gert er ráð fyrir að foreldrar mæti með börnum sínum í viðtölin og fer engin hefðbundin kennsla fram þennan dag. Foreldrar bóka sjálfir viðtalstíma hjá umsjónarkennara í gegnum www.mentor.is. Til að skrá sig í viðtal er farið inn á fjölskylduvef mentor og smelt á flís sem birtist, eftir innskráningu, efst í vinstra horninu á forsíðu Mentor - foreldraviðtöl. Flísin birtist þegar kennarar hafa sett upp viðtalsbilin og verður það gert fyrir 14. febrúar. Að þessu sinni er viðtalstíminn 20 mínútur og mikilvægt að foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn geri ráð fyrir bili á milli viðtala svo hugsanlegar tafir hjá einum kennara þurfi ekki að hafa áhrif á næsta viðtal.

Í viðtalinu verður rætt um námsárangur, vinnubrögð, hegðun og fl. tengt skólastarfinu. Mikilvægt er að foreldrar og nemendur undirbúi sig fyrir viðtalið með því að skoða námsmat og námslotur á Mentor, ræða saman um áhuga á námi, mætingar samskipti við félag og starfsfólk, frímínútur og hegðun í skólanum. Það er mikilvægt að foreldrar og nemendur átti sig á stöðu nemenda í námi og líðan og geti fengið frekari upplýsingar um þessa þætti í viðtöllum.

Hér eru hlekkir á leiðbeiningar um Mentor fyrir foreldra.

Bóka foreldraviðtöl

https://www.youtube.com/watch?v=mEFYnJhJAsM&index=12&list=PLX-N504onYI_I0Jk4Im46UphLktxfHv3

Námslotur

https://www.youtube.com/watch?v=Im_octtkUis&index=8&list=PLX-N504onYI_I0Jk4Im46UphLktxfHv3

Námsmat

https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8&index=10&list=PLX-N504onYI_I0Jk4Im46UphLktxfHv3

Viðtölin taka mið af líðan nemenda og námi þeirra.

Ef nemendur og foreldrar lenda í vandræðum með aðgang að Mentor eða aðgang að tölvum eru þeir beðnir um að snúa sér til ritara eða deildarstjóra.

Sérgreinakennarar verða til viðtals á þessum dögum og verða til taks í sínum stofum eða í stj.álmu Lundarskóla. Ritarar geta einnig gefið ítarlegri upplýsingar um staðsetningu þeirra. Stjórnendur verða einnig til viðtals.



Á foreldraviðtalsdegi verða nemendur í 6. bekk með sölu á vöfllum, kaffi og drykk á sal Lundarskóla til fjáröflunar vegna fyrirhugaðrar skólaferðar að Reykjum á næsta ári. Kaffi, te eða djús og vaffla kostar 500 krónur.

Með ósk um gott samstarf,
Stjórnendur Lundarskóla,
Elías, Helga Ragnheiður og Maríanna

elias@akmennt.is, hrg@akmennt.is og marianna@akmennt.is